

Föstudaginn 6. október 1989.

Nr. 353/1989. **Ákærvaldið**

gegn

M.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Húsleit. Börn. Réttarhagsmunir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. september 1989 samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, og krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Af ákærvaldsins hálfu er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

I.

Hinn 7. september 1989 var í sakadómi Reykjavíkur lögð fram krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins þess efnis, að henni yrði með úrskurði heimilað að gera leit að telpunni B í híbýlum varnaraðila í Reykjavík og færa telpuna í umsjón barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Síðan var bókað: „Dómari hafði samband við lögmann kærðu, Guðnýju Björnsdóttur hdl., og kynnti henni fram komna kröfu. Lögmaðurinn óskaði ekki eftir að koma að athugasemdum.“ Að svo búnu var málið tekið til úrskurðar og hinn kærði úrskurður kveðinn upp samdægurs. Úrskurðurinn var birtur varnaraðila á heimili hennar sunnudaginn 10. september, og lýsti hún því yfir, að hún vildi kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. Var henni leiðbeint í því efni. Leit fór síðan fram, en bar ekki árangur. Daginn eftir barst sakadómi Reykjavíkur kæra frá lögmanni varnaraðila. Gögn málsins bárust Hæstarétti 12. september og greinargerðir málsaðila 15. september.

II.

Í lögregluskýrslum, sem lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur eftirfarandi fram:

Hinn 14. september sl. var lögreglan í Reykjavík kvödd að heimili varnaraðila. Varnaraðili var þar í bifreið fyrir utan húsið og telpan með henni. Faðir telpunnar var þar einnig og vildi fá barnið. Farið var með fólkið á lögreglustöðina og málið lagt fyrir aðalvarðstjóra, sem hafði samband við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og barnaverndarnefnd. Lyktir málsins þarna urðu þær, að varnaraðili og faðir telpunnar undirrituðu svofellda yfirlýsingu:

„Bókun um vistun á barni á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur:

Undirrituð, foreldrar B, samþykkja vistun stúlkunnar á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur að [...] hér í borg til kl. 19.00 föstudaginn 15. sept. 1989.“

Síðdegis 15. september kom faðir telpunnar að [...] og hafði hana á brott með sér, og að morgni 17. s.m. fóru þau flugleiðis úr landi.

III.

Húsleit sú, sem gerð var samkvæmt hinum kærða úrskurði, bar ekki árangur og leiddi eigi til, að dóttir varnaraðila yrði færð í umsjá barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Varnaraðili samþykkti hins vegar síðar, svo sem að framan greinir, vistun telpunnar á vegum barnaverndarnefndar. Að svo komnu þykja þeir hagsmunir eigi lengur vera fyrir hendi, að varnaraðili geti krafist dóms um kröfur sínar, og ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. september 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 7. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að heimiluð verði með úrskurði húsleit að [...], hér í borg í íbúð M í því skyni að leita þar telpunnar B og færa hana í umsjón barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Málavextir.

Hinn 4. ágúst sl. kærði F, til heimilis að ..., M, ..., hér í borg, fyrrum

eiginkonu sína, og D, til heimilis að ..., dóttur sína, fyrir RLR fyrir að hafa föstudaginn 21. júlí sl. numið á brott barn sitt og M, B, af heimili kæranda [...].

Í gögnum málsins kemur fram, að kæranda var veitt forræði barnsins í lögskilnaðarleyfi milli hans og kærðu, sem gefið var út af dóms- og kirkju-málaráðuneytinu 13. febrúar 1987.

Kærandi fluttist til [...] ásamt börnum sínum þremur, sem honum var veitt forræði yfir í september 1987.

Kærða kom til landsins 25. júlí sl. með barnið, og dvaldist það hjá henni til 3. ágúst sl., er það var vistað á vistheimilinu [...] hér í borg samkvæmt bráðabirgðauðrskurði barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Sá úrskurður var staðfestur af barnaverndarráði Íslands 11. ágúst sl.

Hinn 28. ágúst sl. kvað dómsmálaráðuneytið upp úrskurð í forsjárdeilu þessari þess efnis, að F skyldi áfram hafa forræði B, og skyldi því standa óhaggað ákvæði í lögskilnaðarleyfi M og F frá 13. febrúar 1987 um forsjá barnsins. Úrskurðurinn var birtur sama dag starfsmönnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og móður barnsins, M.

Dómsmálaráðuneytinu barst sama dag bréf frá lögmanni M með beiðni um úrskurð um umgengnisrétt móður við barn sitt, og er sú krafa til meðferðar þar.

Daginn eftir, að ráðuneytið kvað upp úrskurð í forræðisdeilunni, þ.e. 29. ágúst sl., kom móðir barnsins M á [...] hér í borg og nam barnið B á brott. Lögmaður F, Gísli Baldur Garðarsson hrl., hefur f.h. F kært M til RLR fyrir ætlað brot á 193. gr. laga nr. 19/1940.

Kærðu, M og D, dóttir hennar, hafa báðar komið til skýrslutöku hjá RLR. Kærðu hafa viðurkennt kæruefni, en neitað að láta barnið af hendi við barnaverndarnefnd Reykjavíkur, RLR eða lögmann F.

Lögmanni kærðu var gefinn kostur á að koma að athugasemdum, en hann óskaði ekki eftir að nýta sér það.

Brot það, er kærða er grunuð um að hafa framið, getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 193. gr. laga nr. 19/1940. Þykir því rétt með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, að úrskurða samkvæmt löggjöfnun frá 48. gr. laga nr. 74/1974, að húsleit megí fara fram í íbúð kærðu M, hér í borg, til þess að dóttur hennar verði náð úr umráðum hennar og komið í umsjón barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Húsleit má gera í íbúð M,, hér í borg, til þess að taka dóttur hennar, B, f. 16.5.1981, og færa í umsjá barnaverndarnefndar Reykjavíkur.